

Var þá kallað eftir skýrslu nefndarinnar er skipuð var á síðasta þingi, til þess að leita samvinnu meðal Íslendinga hér vestra, um það að koma á fót, Aldurhæli fyrir öreiga íslenzk gamalmenni hér í álfu".

Séra Röguvaldur Pétursson lagði þá fram eftirfarandi yfirlit á sögu þess mál og starfi nefndarinnar, frá síðasta þingi og fram til þessa. Forseti bætti við nokkrum skýringum, hvað farið hefði manna á milli á samtals fundum þeim, er getið væri um í nefndarálitinu.

SKÝRSLA

Um stofnun Aldurhælis fyrir öreiga íslenzk gamalmenni.

Til forseta hins Únítariska kyrkjufélags Vestur Íslendinga.

Á síðasta þingi kyrkju-félags vors, er haldíð var að Gimli dagana 17 - 19 Júní 1911, var nefnd skipuð til þess að athuga hvort mögulegt væri að koma því af stað meðal Íslendinga hér vestan hafs, að stofnað yrði Aldurhæli fyrir íslenzk gamilmenni. Átti nefndin að leita samvinnu annara íslenzkrá-félaga hér í álfu, um þetta mál, en sérstaklega íslenzka kyrkjufélagsins Lútherska og safnaða heirra er sylgja nýju guðfræðinni. Í nefndina voru skipadir auk forseta kyrkjufélags vors, Rögnv. Pétursson, Jóhannes Sigurðsson, Guðm. Árnason, St. Thorson, Jósep B. Skaptason.

Um árangurinn af starfi sinu í þágu þessa mál, leyfir nefndin sér að leggja fram eftirfarandi skýrslu : —

Strax eftir að komið var af þingi og heim, hélt nefndin fund með sér að heimili S. B. Brynjólfssonar. Skifti hún verkum með sér þannig, að S. B. Brynjólfsson var kosinn formiður nefndarinnar, en Rögnv. Pétursson skrifari. Þá dagana stóð yfir Ding íslenzka Lútherska kyrkjufélagsins hér í bænum, og kom nefndinni saman um að sækja um leyfi stjórnarnefndar þess félags, til að flytja þetta mál fyrir þinginu og sá það til þess að taka það á dagskrá.

Hafði forseti vor framkvæmdir í því mál, og að leyflnu fengnu var nefndinni veitt innganga á þingið. Hafði forseti Lútherska kyrkjufélagsins orðið vel við þeiri kvöð, og bauð nefndarmönnum að koma og flytja málid. Forseti vor hafði orð fyrir nefndinni, skýrði örindi hennar á þingið, lýsti málaleitaninni og gat heirrar nauðsynjar er á væri að samtök fengist í þessu efni meðal allra Íslendinga, og að undinn yrði bráður bugur að því að koma þannig lagðri stofnun á fót hið allra fyrsta.

Innan þingsins var strax gjörður góður rómur að málí þessu, og það jafnframt tekið á dagskrá.

Liðu svo nokkrir dagar og Dingi íslenzka Lútherska kyrkjufélagsins var slitið, en ekki var nefnd vorri tilkynnt neitt um, hver afdrif málssins hefðu orðið á þinginu. En eftir prentuðum fundargjörðum þingsins sá nefndin, að í það hafði verið skipuð 5 manna nefnd og voru þessir tilgreindir. Sér-